

**Ed.**

**451. Frumvarp til laga**

[209. mál]

um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

**1. gr.**

Aftan við 1. mgr. 4. gr. bætist nýr málslíður svo hljóðandi:  
Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn og sker þá ráðherra úr, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna.

**2. gr.**

10. gr. b og c orðist svo:

b. Allt að 1% ef rekstri verzlunarskipa og af fiskiðnaði.

c. Allt að 1½% af hvers konar iðnaðarrekestri öðrum.

2. mgr. 10. gr. falli niður.

**3. gr.**

19. gr. orðist svo:

Skattstjórinn í Reykjavík annast álagningu landsútsvara samkv. 17.—18. gr. Félagsmálaráðuneytið innheimtir landsútsvörin, samkv. gjaldskrá, sem skattstjórinn í Reykjavík lætur ráðuneytinu í té.

**4. gr.**

26. gr. orðist svo:

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, þar á meðal um álagningu, áfrýjun úrskurða, gjalddaga og innheimtu landsútsvara, samkv. 17.—19. gr.

**5. gr.**

31. gr. orðist svo:

Útsvör skal miða við hreinar tekjur og eign samkv. skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr.

Frá hreinum tekjum gjaldanda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er lagt á þær samkv. 32. gr.:

Fyrir einstaklinga 25000 kr.

Fyrir hjón 35000 kr.

Fyrir hvert barn, innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda, 5000 kr.

Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun.

## 6. gr.

A-liður 32. gr. orðist svo:

A. Af útsvarsskyldum tekjum samkv. 31. gr. greiða:

1. Einstaklingar og hjón:

Af fyrstu 40000 kr. 20%.

Af 40000 kr. og þar yfir 8000 kr. af 40000 kr. og 30% af afgangi.

2. Félög:

Af fyrstu 75000 kr. 20%.

Af 75000 kr. og þar yfir kr. 15000 af 75000 kr. og 30% af afgangi.

## 7. gr.

34. gr. 2. mgr. orðist svo:

Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 20 hundraðshlutum.

## 8. gr.

65. gr. orðist svo:

Sveitarstjórnnum ber að endurgreiða skattayfirvöldum allan beinan útlagðan kostnað, sem leiðir af starfi þeirra fyrir sveitarfélögin, samkv. lögum þessum.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um endurgreiðslu kostnaðar, samkv. 1. mgr.

## 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1964.

## 10. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, skal fella ákvæði þeirra, ásamt ákvæðum laga nr. 42/1963 og nr. 43/1963 inn í meginmál laga nr. 69/1962 og gefa lögin um tekjustofna sveitarfélaga út svo breytt.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur hundraðshluti veltuútsvars af fiskiðnaði verið lægri á árinu 1961 í einhverju sveitarfélagi en hámarkshundraðshluti aðstöðugjalds er af slíkri starfsemi, samkv. 2. gr. laga þessara, og má þá hundraðshluti aðstöðugjalds aðeins hækka árlega um þriðjung mismunarins á árunum 1964, 1965 og 1966.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingar þær frá núgildandi lögum, sem felast í frumvarpi þessu, ef að lögum verður, eru þessar helztar:

1. Lagt er til, sjá 5. gr., að reglunum, sem nú gilda um álagningu útsvara verði breytt í meginatriðum. Í stað afsláttar af útsvari vegna fjölskyldustærðar er gert ráð fyrir ákveðnum frádrætti frá tekjum til samræmis við þau ákvæði, sem gilda um tekjuskattsálagningu. Í öðru lagi er gjaldþrepum fækkað úr átta í tvö. Álagning verður þannig auðveldari og einfaldari í framkvæmd.
2. Hámarksákvæði um aðstöðugjald af fiskiðnaði er lækkað úr 1½% í 1%. Enn fremur er gert ráð fyrir að viðmiðun aðstöðugjalds við veltuútsvör á árinu 1961 verði úr gildi numin í áföngum á þremur árum, sbr. ákvæði til bráðabirgða.
3. Loks er lagt til, að gerðar verði ýmsar breytingar á ákvæðum laganna, sem reynslan hefur sýnt, að rétt sé að gera.

Verður nú vikið að athugasemdum við einstakar greinar.

### Um 1. gr.

Í 65. gr. laganna er gert ráð fyrir því, að ráðherra eigi úrskurð um gjaldstofna og gjaldskyldu, þegar um er að ræða ágreining um fasteignaskatt, aðstöðugjald og landsútsvar. Ákvæði um aðstöðugjald og landsútsvar voru nýmæli í lögnum um tekjustofna sveitarfélaga. Má því segja, að þessi ákvæði hafi verið eðlileg á meðan reynslan af þessum nýmælum var ekki fyrir hendi. Nú þykir komið í ljós, að fenginni reynslu, að óþarft sé að áskilja ráðherra þessa íhlutun. Eðlilegast er því, að skattayfirvöld fjalli endanlega um þessi ágreiningsefni á sama hátt og gildir

um útsvörin og tekju- og eignaskattinn. Öðru máli gegnir um fasteignaskattinn, enda er hér um að ræða álagningu, sem er annars eðlis en álagning útsvara og annarra gjalda samkvæmt lögum þessum. Frá upphafi hefur ágreiningur um gjaldskyldu og gjaldstofn fasteignaskatts heyrt undir úrskurð ráðherra. Í þessari grein frumvarpsins er lagt til, að sú regla gildi framvegis. Þar eð hér er gert ráð fyrir, að ákvæðið taki aðeins til fasteignaskatts, þótti rétt að bæta því í þá grein, sem fjallar um álagningu hans, en fella það niður úr kaflanum um sameiginleg ákvæði.

#### Um 2. gr.

Eins og áður greinir er hér lagt til, að viðmiðun aðstöðugjalds við veltuútsvar á árinu 1961 verði felld úr gildi í áföngum á 3 árum, sbr. ákvæði til bráðabirgða. Jafnframt er lagt til, að hámark aðstöðugjalds verði lækkað úr 1½% í 1% af alls konar fiskiðnaði.

Á árinu 1963 var aðstöðugjald af fiskiðnaði eins og hér segir í eftirtöldum kaupstöðum og kaптúnunum:

Reykjavík 0.5%.  
Kópavogskaupstaður 0.5%.  
Hafnarfjarðarkaupstaður 1%.  
Keflavíkurkaupstaður 0.4%.  
Akraneskaupstaður 1%.  
Ísafjarðarkaupstaður 1%.  
Sauðárkrókskaupstaður 0.5%.  
Siglufjarðarkaupstaður 1.2%.  
Ólafsfjarðarkaupstaður 1%.  
Akureyrarkaupstaður 0.5%.  
Húsavíkurkaupstaður 0.75%.  
Seyðisfjarðarkaupstaður 0.5%.  
Neskaupstaður 0.45%, sildarsöltun 0.9%.  
Vestmannaeyjar 1%.  
Neshreppur utan Ennis 0.75%.  
Ólafsvíkurhreppur 1%.  
Eyrarsveit 0.8%.  
Stykkishólshreppur 0.7%.  
Patrekshreppur 0.5%.  
Hólshreppur 1%.  
Eyrarhreppur 1%.  
Súðavíkurhreppur 1%.  
Kaldrananeshreppur 1.25%.  
Hólmavíkurhreppur 1%.  
Höfðahreppur 0.5%.  
Hofsóshreppur 0.5%.  
Dalvíkurhreppur 0.75%.  
Hriseyjarhreppur 1.2%.  
Raufarhafnarhreppur 0.8%.  
Þórshafnarhreppur 0.5%.  
Vopnafjarðarhreppur 1%.  
Borgarfjarðarhreppur 0.5%.  
Eskifjarðarhreppur 0.5%.  
Búðahreppur 0.45%.  
Búlandshreppur 1%.  
Hafnarhreppur 0.5%.  
Grindavíkurhreppur 1%.  
Hafnahreppur 1%.  
Miðneshreppur 1%.

Samband íslenzkra sveitarfélaga og fulltrúafundur kaupstaðanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi hafa lagt til, að 2. mgr. 10. gr. verði numin úr gildi. Í þessu sambandi má nefna sem dæmi síldarsöltun á nokkrum stöðum. Á Siglufirði er greitt 1.2%, á Húsavík 0.75%, á Raufarhöfn 0.8%, á Vopnafirði 1.0%, í Neskaupstað 0.9%, en á Seyðisfirði, þar sem aðstaðan til síldarsöltunar er nú hvað mest eftirsótt, aðeins 0.5%.

Um 3. gr.

Skattstjórinn í Reykjavík hefur annazt álagningu landsútsvara samkvæmt ákvæðum í reglugerð.

Um 4. gr.

Breyting sú, sem hér um ræðir, er gerð til samræmis við þá framkvæmd, sem orðið hefur og ákveðin hefur verið með reglugerð.

Um 5. og 6. gr.

Greinar þessar fjalla um þá meginbreytingu, sem felst í frumvarpi þessu og áður er getið.

Reynsla síðustu ára hefur sýnt, að sveitarfélögin hafa nærri að segja undan-tekningarlaust veitt meiri eða minni afslátt frá hinum lögfestu útsvarsreglum. Mjög óvíða hefur afsláttur numið minna en 10% og flestir kaupstaðir og kaupsýn hafa veitt afslátt, sem numið hefur frá 15% til 30%, og einstaka meiri afslátt. Í sveitahreppum hefur afsláttur þessi verið mun meiri eða jafnaðarlega frá 40% og upp í 60%. Örfáir hreppar hafa veitt nokkru minni afslátt, en þó nokkrir hreppar hærri afslátt en 60% og jafnvel allt að 80%. Þessar staðreyndir benda eindregið í þá átt, að breyta þurfi gildandi útsvarsreglum. Hinir miklu afslættir, sem gefnir hafa verið, hafa enn fremur raskað eðlilegu samræmi í útsvarsálagningunni, þeim í óhag, sem hafa lágar tekjur eða stóra fjölskyldu.

Í núgildandi lögum er veittur afsláttur af útsvari vegna fjölskyldustærðar. Þess í stað er lagt til, að veittur verði frádráttur frá tekjum, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Enn fremur er í núgildandi lögum heimild til þess að veita hverjum gjaldanda 800 króna frádrátt frá útsvari. Þessi heimild hefur óvíða verið notuð, þrátt fyrir það, að afsláttur frá reglunum hefur verið gefinn, allt að 80%. Virðist því rétt að afnema þá heimild, þar sem gert er ráð fyrir ákveðnum frádrætti, sem öll sveitarfélög eru bundin við.

Í núgildandi lögum eru gjaldþrep útsvarsstiga átta, en hér er lagt til, sbr. 6. gr. frumvarpsins, að þeim verði fækkað í tvö. Ákvæði 5. og 6. gr. frumvarpsins munu gera álagningu útsvara auðveldari og einfaldari í framkvæmd.

Ákvæði 5. og 6. gr. frumvarpsins leiða til þess, að útsvör þeirra, sem hafa marga að framfæra eða hafa lágar tekjur, lækka verulega frá því, sem verið hefur.

Til fróðleiks eru hér birtar eftirfarandi töflur, sem sýna samanburð á útsvarsálagningu samkvæmt gildandi lögum og álagningunni eins og hún yrði, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Nettótekjur	Útsvör skv. gildandi útsvarsreglum	Útsvör skv. frv.
<b>Einhleypingar:</b>		
30 000	2 400	800
50 000	6 000	4 300
70 000	10 100	7 700
90 000	14 300	12 600
100 000	16 400	15 100
110 000	18 500	17 600
150 000	28 200	27 500
200 000	40 400	39 700

Nettótekjur	Útsvör skv. gildandi útsvarsreglum	Útsvör skv. frv.
<b>Hjón:</b>		
30 000	1 700	0
50 000	5 300	2 400
70 000	9 400	5 800
90 000	13 600	9 700
100 000	15 700	12 300
120 000	20 200	17 300
150 000	27 600	24 700
200 000	39 700	36 800
<b>Hjón með 2 börn:</b>		
40 000	1 700	0
50 000	3 500	700
70 000	7 700	4 100
100 000	14 000	9 700
120 000	18 600	14 800
140 000	23 500	19 600
170 000	30 800	26 900
200 000	38 100	34 300
<b>Hjón með 3 börn:</b>		
50 000	2 600	0
70 000	6 700	3 300
100 000	13 000	8 500
120 000	17 600	13 500
130 000	20 000	15 900
150 000	24 900	20 800
170 000	29 800	25 700
200 000	37 100	33 000

Svo sem töflur þessar sýna, munu reglur þær, sem frumvarp þetta hefur að geyma, gefa sveitarfélögunum yfirleitt lægri útsvarstekjur en núgildandi álagningarreglur gera. Það verður því að gera ráð fyrir því, að afsláttur frá útsvarsstiga verði minni en nú er. Jafnvel verður að ætla, að nokkur sveitarfélög verði að bæta við, samkvæmt ákvæðum 34. gr. Ekki er þó ástæða til að búast við því, að almennt verði þörf fyrir slíkt álag.

#### Um 7. gr.

Samkvæmt 34. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga skal hækka hvert útsvar að rétttri tiltölu, ef niðurfjöfnun leiðir í ljós, að útsvör reynast lægri en fjárhagsáætlunin segir til um. Þó má slík hækkun útsvara eigi fara fram úr 30%. Með þessu frumvarpi er lagt til, að hámarkið sé ákveðið 20% í stað 30%.

Síðan lögin um tekjustofna sveitarfélaga voru sett, hefur ekkert sveitarfélag notað heimild 34. gr. til hækkunar á útsvörum. Þó að reglur frumvarpsins muni gefa nokkru lægri útsvör í heild til sveitarfélaganna en núgildandi reglur, þykir mögulegt að lækka hækkunarheimild 34. gr. svo sem áður segir. Að visu má búast við, að einstök sveitarfélög nái ekki þeirri útsvarsupphæð, sem fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir án álags, en mjög fá, ef nokkur, sveitarfélög munu þurfa herra en 20% álag. Ef svo færi, þá koma til framkvæmda ákvæði 15. gr. d. um aukaframlag úr Jöfnunarsjóði, en ráðuneytið getur þá sett það skilyrði fyrir aukaframlagi, að sveitarstjórn hafi notað heimildir til hækkunar fasteignaskatts og til innheimtu aðstöðugjalds.

Um 8. gr.

Lagt er til að ákvæðin um úrskurð ráðherra, sbr. 65. gr. laga nr. 69/1962, falli niður. Nánari grein er gerð fyrir þessari breytingu í athugasemdum við 1. gr.

Vegna þeirra meginbreytingar, sem gerð var með lögum nr. 69/1962, um það, að skattstjórar leggi á útsvör í stað niðurjöfnunarnefnda eins og áður var, þykir eðlilegt að ákveða, að sveitarfélögin endurgreiði beinan útlagðan kostnað, sem leiðir af starfi skattstjóranna fyrir sveitarfélögin í sambandi við álagningu útsvara og aðstöðugjalda.

Um 9.—10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Sjá athugasemdir um 2. tölul. í inngangi athugasemda og um 2. gr.